

Nd.

216. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

Flutningsm.: Pjetur Þórðarson.

1. gr.

35. gr. þingskapanna breytist svo:

- a. Fyrir »þrisvar« komi: fjórum sinnum.
- b. Fyrir »ekki tala oftár en tvisvar« komi: tala þrisvar.
- c. Fyrir »Þó er jafnan« komi: Auk þess er heimilt að gera athugasemd um málið í heild eða einstök atriði þess, þó svo, að ekki nemi lengri tíma en 30 mínútum í senn. Ennfremur er.

Greinargerð.

Þegar athugaður er umræðupartur Alþingistíðindanna síðastliðin 8—10 ár, kemst maður að raun um, hve 35. gr. þingskapanna hlýtur að vera ófrjállegur hemill á málfrelsi þingmanna og óþægilegur, bæði forseta og ræðumönnum; má oft sjá, að sannast hið fornkvæðna, að »nauðsyn brýtur lög«.

Það virðist auðvelt að sníða lögin við hæfi nauðsynar í þessu efni, og til þess er frumvarp þetta flutt.

Nánara í framsögu.